

Fundur í Framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 2. ágúst 2022

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Skúli Ólafsson og Birgir Gunnarsson.

Bjarni Snæbjörn Jónsson og Drífa Hjartardóttir sátu fundinn undir lið 1.

1. Húsnæðis- og skipulagsmál

Farið yfir stöðu mála varðandi mögulega framleigu á húsnæðinu í Katrínartúni. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur lýst yfir vilja til að taka húsnæðið á leigu á sömu kjörum og ÞK er að greiða í dag. Einnig farið yfir stöðu mála varðandi innra skipulag ÞK.

2. Skálholt

Kostnaðaráætlun vegna endurbóta á prestbústaðnum barst rétt fyrir fund. Samþykkt að kalla eftir frekari upplýsingum varðandi kostnaðarpætti, val á verktökum og fjármögnun. Rætt um möguleika á öðru húsnæði fyrir prestinn á staðnum.

3. Prestbústaður í Vestmannaeyjum

Fjallað um tilboð frá Sr. Guðmundi í Hólagötu 42. Samþykkt að gera gagntilboð.

4. Prestbústaður í Ólafsvík

Samþykkt að bíða með að setja húsið í sölufærli.

5. Melstaður í Miðfirði

Erindi frá Orkunni hf varðandi útfærslu á lóðafrágangi við bensínstöð á staðnum. Samþykkt að fresta til næsta fundar að afgreiða þetta mál.

6. Samningur um ráðgjafavinnu

Samþykkt að framlengja samningi við Bjarna Snæbjörn Jónsson um eitt ár þ.e. frá maí 2022 til maí 2023.

Fundi slitið kl. 10.50

Fundarritari Birgir Gunnarsson